

<b>Tillaga</b>	A 1930/UKK Þingmannatillaga um samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir
<b>Flytjandi</b>	Flokkahópur jafnaðarmanna
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Þingmannatillaga um samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að stuðla að eflingu samstarfs um norrænar pílgrímsleiðir og skapa grundvöll fyrir samnorrænt átak í tengslum við pílgrímsleiðir, helst í samstarfi við þá aðila sem þegar starfa á þessu sviði.*

### Bakgrunnsupplýsingar

Saga Norðurlandanna einkennist af kristnum menningararfi. Ýmsar pílgrímsleiðir liggja vítt og breitt um Norðurlöndin og þær hafa tengt Norðurlöndin böndum í fleiri árhundruð, einnig í dag, þvert á landamæri. Margir ganga þessar sögulegu leiðir að fornum helgistöðum. Pílgrímsgöngur nútímans eru fjölbreyttar og koma fólki í tengsl við náttúru, menningu og sögu ólíkra landa.

Pílgrímsleiðirnar liggja um sögulegar slóðir og vekja athygli á menningararfi og menningarsögu, en stuðla einnig að lista- og menningarsköpun. Ferðamannaþjónustan sem fylgir pílgrímsleiðunum er einnið stoð fyrir atvinnulíf svæðanna. Þá eru pílgrímsleiðir sjálfbær menningartengd ferðaþjónusta sem samræmist vel framtíðarsýninni um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Árið 2010 var send umsókn til Evrópuráðsins um að gefa norrænum pílgrímsleiðum stöðu evrópskra menningarleiða undir heitinu „Ólafsleiðir“ (St Olav Ways). Umsóknin var samþykkt. Umsóknin var unnin í samstarfi Pílgrímsráðs Niðarósar og ýmissa miðstöðva í Svíþjóð og Danmörku og var fjármögnuð af fylki Syðri Þrændalaga og sveitarfélagi Þrándheims. Í dag nær leiðin einnig til Finnlands og bæði Ísland og Færeyjar hafa sýnt áhuga á að taka þátt í framtíðinni. Eftir að vinnan á árunum 2017/2018 hafði verið metin var félaginu „Association for the Cultural Route of St Olav Ways“ (ACSOW) falið að hafa umsjón með framhaldi verkefnisins, en það skipa 25 fulltrúar frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Þetta eru fulltrúar fylkja, sveitarfélaga, biskupsdæma, pílgrímismiðstöðva og pílgrímssamtaka og áform eru um að í framtíðinni skipi það einnig fulltrúar atvinnulífs, safna, háskóla o.fl.



Í heimsfaraldrinum upplifðum við á Norðurlöndum lokuð landamæri og félagslega einangrun. Þess vegna teljum við að áttak um samstarfi í tengslum við píligrímsleiðir vítt og breytt um Norðurlönd gæti þjappað löndunum saman á ný.

Það eru mikil tækifæri fólgin í þróun menningartengdrar ferðapjónustu og menningarþróunar í tengslum við píligrímsleiðir á Norðurlöndum og norrænt samstarfsnet um samnorrænan menningararf gæti haft mikinn ávinning í för með sér. Sérstaklega mætti í auknum mæli beina sjónum að börnum og ungmönnum, til dæmis með skiptiáætlun. Þar liggur stórt ónýtt tækifæri sem verður aðeins mikilvægara í ljósi aðstæðna í Evrópu. Áttak sem þetta gæti einnig eft fræðasamstarf landanna á þeim sviðum sem snerta píligrímsferðir, svo sem sagnfræði, menningartengdri ferðamennsku, lýðheilsu, útivist, trúarbragðafræði o.s.frv.

Göngur njóta vaxandi vinsælda á Norðurlöndum og reynslan sýnir að píligrímsfarar sem hafa gengið eina leið á Norðurlöndum vilja oft ganga fleiri. Við munum því öll njóta góðs af því að vinna að gönguleiðum í löndunum, kynnast betur og læra hvert af öðru, miðla samnorrænni sögu okkar til þeirra sem heimsækja okkur og koma sameiginlegri þekkingu og vinnu okkar undir einn hatt í öflugum samstarfsneti.

Mikið af þessu góða starfi fer nú þegar fram hjá „Association for the Cultural Route of St Olav Ways“ (ACSOW) og því liggur beint við að fjárfesta frekar í samstarfi við þetta félag og aðra aðila sem þegar starfa á þessu sviði.

Norðurlöndum, 28. september 2022

*Aksel V. Johannesen (Jvfl.)*  
*Anders Kronborg (S)*  
*Anna Vikström (S)*  
*Annette Lind (S)*  
*Camilla Gunell (ÅSD)*  
*Doris J. Jensen (S)*  
*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Eva Lindh (S)*  
*Eveliina Heinäluoma (sd)*  
*Gunilla Carlsson (S)*  
*Heidi Viljanen (sd)*  
*Henrik Møller (S)*

*Jorodd Asphjell (A)*  
*Karianne B. Bråthen (A)*  
*Kim Berg (sd)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*  
*May Britt Lagesen (A)*  
*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*  
*Orla Hav (S)*  
*Per-Arne Håkansson (S)*  
*Stein Erik Lauvås (A)*  
*Tove Elise Madland (A)*  
*Troels Ravn (S)*  
*Truls Vasvik (A)*